

Skólaráð Naustaskóla

4. fundur ársins 2013 þann 10. apríl 2013

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon og Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Yrsa Hörn Helgadóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Innritun nemenda.** Skoðaðar væntanlegar nemendatölur fyrir næsta vetur, nemendur í 1. bekk verða væntanlega 53 og stefnir í að nemendafjöldi við skólann verði um 330. Farið yfir skiptingu á árganga o.fl. Kennslumagni skólans fyrir næsta vetur hefur ekki verið endanlega úthlutað enn sem komið er.
2. **Starfsmannamál – ráðningar.** Auglýst hefur verið staða tónmenntakennara í samræmi við þá stefnu að sérgreinakennarar hafi sérmenntun á sínu sviði. Einnig hafa verið auglýstar tímabundnar stöður næsta vetur vegna leyfa/orlofa, en það kemur til af því að 5 starfsmenn verða í leyfum. Farið yfir hugmyndir að fjölda kennara í hverju teymi næsta vetur og rætt um hvernig þau verði skipuð. Skólastjórnendur hallast að því að láta teymi halda sér nokkurn veginn í þeim tilfellum sem teymisvinnan hefur gengið vel fyrir sig, og þar sem ekki þurfa að verða breytingar vegna orlofa o.þ.h. Fulltrúar foreldra komu á framfæri þeim sjónarmiðum að æskilegt sé að nemendur geti haft sama umsjónarkennara lengur en eitt ár.
3. **Heimanám.** Framhald af umræðu á síðasta fundi. Nú liggja fyrir niðurstöður könnunar meðal foreldra sem sýnir að töluvert lægra hlutfalli foreldra hjá okkur finnst heimanám hæfilegt en að landsmeðaltali. Óvenju stór hluti foreldrahópsins álítur að heimanámið sé of lítið, mestur er þessi munur á miðstigi en næst mestur á yngsta stigi, lítil munur er hins vegar á unglíngastigi. Rýnt í stefnu skólans varðandi heimanám, ræða þarf hana betur innan skólans og útfæra framkvæmd hennar.
4. **Niðurstöður kannana.** Skoðaðir lítillega nokkrir þættir úr foreldrakönnun Skólalúpsins.
5. **Umhverfisstefna.** Sótt verður um að skólinn komist á græna grein nú á vordögum.
6. **Önnur mál.**
 - a. Ávextir, fyrirspurn um hvort hægt sé að hafa þann hátt á að skera ávextina niður á staðnum inni á svæðunum. Verður vísað til umræðu hjá starfsmönnum.
 - b. Fyrirspurn um af hverju foreldrar geti ekki keypt stakar máltíðir í mótuneytinu, fregnir herma að það sé leyft í öðrum skólum. Skólastjóri veit ekki betur en að skólarnir hafi fengið þær leiðbeiningar að kaupa eigi „ákveðna vikudaga“ eða annarskrift, en mun kanna málið fyrir næsta fund.

Næsti fundur skólaráðs verður 8. maí.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð